



Kristín sigursæl á Evópumeistarmóttinu

Sundkonan Kristín Þorsteinsdóttir kom heim til Ísafjarðar með tvo Evrópumeistaratitla og þrjú silfurverlaun í farteskinu eftir Evrópumeistaramót einstaklinga með Downs heilkenni sem fram fór í Frakklandi. Móttinu lauk á föstudag. Á fyrsta keppnisdegi gerði hún sér lítið fyrir og

vann tvo Evópumeistaratitla, fyrst í 50 metra flugsundi og svo 100 metra baksundi. Á öðrum keppnisdegi vann hún til silfurverðlauna í 50 metra baksundi og gáþriðjakeppnisdegi bætti hún við silfuverðlaunum í 100 metra skriðsundi. Á lokakeppnisdeginum bætti Kristín sínum þriðju silfur-

verðlaunum í 50 metra skriðsundi.

Kristín er einn sigursælasti íþróttamaður í sögu Ísafjarðar og hefur fjórum sinnum verið útnefnd íþróttamaður Ísafjarðarbæjar.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 9. nóvember 2017 · 25. tbl. · 34. árg. · Ókeypis eintak

Komnir 400 metra inn í fjallið

Dýrafjarðargöng eru orðin 400 metra löng. Í síðustu viku voru grafnir 35,2 metrar en gangamenn grófu einnig fyrir 35,2 metra löngu hliðarrými sem meðal annars verður notað sem sandgeymsla. Heildarframvinda síðustu viku var því 67,7 metrar. Notast var við tvo bora, annar var í hliðarrýminu en hinn í sjálfum veggöngunum. Nokkur vandamál hafa verið með stæðni í borholum og því hafa verið sprengdar 3 metra færur að hluta í göngunum sem er heldur styttra en venjulega.




Mannvirkið stórgallað



Stórstreymi og lítill loftþrýstingur í byrjun vikunnar olli því að sjór flæðir yfir hafnarkantinn á Flateyri. Mannvirkið er stórgallað segir Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar. Hafnarkanturinn hefur sigið um allt að hálfan metra síðan stálþilið var rekið niður árið 1999. Guðmundur segir að Ísafjarðarhöfn og hafnarmálafyrirvöld hafi deilt um ábyrgð í málinu um langt skeið. „Það er gleðilegt að okkar málflutningur hefur loks fengið hljómgrunn og eftir því sem

mér skilst á hafnarmálasviði Vegagerðarinnar á að hefjast handa við viðgerðir í fljótleg í vetur. Við höfum lagt áherslu á að þeir sem hönnuðu mannvirkið og höfðu eftirlit með framkvæmdinni beri ábyrgð,” Guðmundur.

Fyrsta skref er að stöðva sigið og verður það gert með að sturta efni við endann á kantinum með það fyrir augum að þjappa undirlagið. Þegar komist verður í veg fyrir sigið er hægt að fara í endurbýggingu á kantinum.



Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



með hangikjöti og salati



með roastbeef



með kjúklingasalati



með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Bláðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum
fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Trump hvað !

Þegar þetta er skrifað hefur slitnað upp úr stjórnar- myndunarviðræðum milli V-S-B-P og allt virðist aftur í uppnámi. Sú sem hér pikkar á lykklaborð er svekkt og leið yfir þessum málalokum og vonar að ekki verði aftur leiddir panamaskúrkar í háseti landsins okkar.

Það er ekki um það deilt að formaður Miðflokksins, þá formaður Framsóknarflokksins átti eignir í skattaskjól og hann gaf þær ekki upp til skatts fyrr en upp um hann komst. Það er heldur ekki um það deilt að hann laug þurkunarlaust í hinu fræga viðtali þar sem hann fullyrti að illræmt félag þeirra hjóna í skattaskjól hefði verið gefið upp til skatts og af því greitt. Það er heldur ekki um það deilt að skattaskjólslélagið var kröfuhafi í þrotabúum bankana og sat því umræddur forsætisráðherra báðum megin borðs og það er hann samviskusamlega yfir því.

Fjármálaráðherra okkar litla lands var líka í Panamaskjölunum en hann sagðist ekki hafa vitað af því, nú hefur komið í ljós að það er ekki rétt, tölvupóstur hans sem hafa verið birtir í Stundinni staðfesta það. Fjármálaráðherrann sagðist líka hafa bara verið sendisveinn með undirskriftir í Vafningsmálinu fræga, tölvupóstur hans sem birtir voru í Stundinni staðfesta að hann var virkur gerandi í þeirri flétu. Fjármálaráðherrann, þá alþingismaður Sjálfstæðisflokksins hóf að selja hlut sinn í bönkum í febrúar 2008, eftir fund með bankamönnum. „Öllum hefði átt að vera ljóst að það væri gáfulegt“ sagð'ann ! Skyldu spariðfærendur sem fjárfestu, skv. ráðgjöf frá bankafólki, frá febrúar 2008 – september 2008 hafa verið þetta ljóst. Sjálfur bankamálaráðherrann var að minnsta kosti ekki með nótnum, hann hefur ekki setið sömu fundi og núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins. Bankamálaráðherrann gerði sér grein fyrir ábyrgð sinni og sagði af sér.

Ásamt spillingu og misskiptingu er ofbeldi gagnvart konum og börnum eitt stærsta vandamál flestra þjóðfélaga, síðasta ríkisstjórn féll vegna þessara mála. Meðferð uppreisnar æru í dómsmálaráðuneytinu hefur greinilega verið til skammar alla tíð, það virðist hafa dugað að þeir hafi verið góðir í leikfimi í grunnskóla til kerfið þrifi af þeim ofbeldisskítinn. Framganga dómsmálaráðherra sem síðast sat og situr enn er þó með eindæmum, ekki stendur steinn yfir steini í lýsingu hennar á atburðarrás ársins. Ekkert er skráð um vinnu hennar við breytingar á meðferð æruhreinsunarmála og ekkert er skráð um símtal hennar við forsætisráðherra. Forkastanleg stjórnsýsla svo ekki sé meira sagt. Fáðir forsætisráðherra tók þátt í að þrifa einn viðbjóðslegasta barnaniðing landsins og í sameiningu gerðu þessir tveir ráðherrar allt sem hægt var gera til að leyna því. Um þetta er ekki lengur hægt að deila.

Bryndís Sigurðardóttir
ritstjóri

Matilda á svið í Bolungarvík



Undanfarnar vikur hafa nokkrir tugir barna æft og leikið í Bolungarvík því þar skal í lok nóvember frumsýna söngleik um hana Matildu, stórskemmtilega stúlku sem Roald Dahl skrifaði inn í tilveruna. Matilda er ekki metin að verðleikum heima hjá sér og í skólanum horfir hún upp á óþolandi óréttlæti. Matilda hlýðir ekki alltaf reglum þegar berast þarf gegn óréttlætinu.

Það er Halldóra Jónasdóttir sem stendur að sýningunni en hún bæði leikstýrir verkinu og hefur þýtt leiktextann og alla söngtextana. Halldóra stundar nám við kennaradeild Háskóla Íslands og er sýningin

hluti af útskriftarverkefni hennar úr grunnnáminu næsta vor. Höfundur sögunnar ereins og áður sagði Roald Dahl en Dennis Kelly samdi söngleikinn

með tónlist Tim Minchen. Söngleikurinn Matilda verður sýndur í Félagsheimili Bolungarvíkur í lok nóvember.



VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnaði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasamir sendi upplýsingar á **vr@vr.is** fyrir **20. nóvember 2017**. Nauðsynlegt er að góðar ljósmyndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

Öllum tilboðum verður svarað.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand íbúðar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnpláss og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni



Allt er gott sem endar vel



0,5 L

Settu ljúffengan endapunkt við máltíðina með skál af ómótstæðilegum Mjúkís, þar sem dásamleg karamella á stórleik á móti einstöku kaffibragðinu. Nú fæst hann í nýjum hálfslíttra umbúðum.

Mjúk lending eftir matinn

Þakkir

Að afloknum alþingiskosningum vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem veittu mér stuðning með atkvæði sínu á laugardag.

Í aðdraganda kosninganna ræddi ég á ferðum mínum við fjölmargt fólk, rifjaði upp gömul kynni og hitti aðra sem ég hef ekki áður rætt við. Allt var þetta mjög gefandi og gagnlegt í þeim verkefnum sem okkur hefur verið trúað fyrir.

Þá vil ég ekki síður þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg með mikilli vinnu og skipulagningu, bæði fyrir kosningar og á kjördag.

Fram undan eru krefjandi verkefni á þingi og spennandi uppbyggingarstarf okkar félaga um allt kjördæmið. Til þess að vel takist til, þá þarf að rækta gott samband við kjörna fulltrúa á Alþingi.

Ég beini því til íbúa kjördæmisins að hika ekki við að hafa samband, annað hvort símleiðis eða með skeyti.



Guðjón S. Brjánsson
6. þingmaður NV kjördæmis
Sími 897 4661
netfang gudjonb@althingi.is

Enn taplausir á heimavelli



Mynd: vestri.is

Sigurganga Vestra á heimavelli hélt áfram á föstudag þegar liðið lagði Hamar í íþróttahúsinu á Torfnesi, 93:81. Leikurinn var fjörugur, hraður og skemmtilegur frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu. Þeir Nökkvi Harðarson og Nemanja Knezevic voru bestu menn vallarins í leiknum, Nökkvi með 36 framlagspunkta og Nemanja með 35. Nökkvi átti án efa sinn besta leik til þessa í fyrstu deildinni og daðraði við

þrennu með 26 stig, 8 fráköst og 7 stoðsendingar. Nemanja var að vanda með tröllatvennu með 22 stig og 25 fráköst auk 3 stoðsendinga.

Vestri er í öðru sæti deildarinnar með 10 stig. Skallagrímur vermir efsta sætið, einnig með 10 stig en hefur spilað einum leik færra.

Nokkur bið er eftir næsta heimaleik Vestra en hann verður 1. desember.

Grjóthrun á Ketildalavegi



Mikið grjóthrun varð á Ketildalavegi vestan Bíldudals í lok október. Í frétt á vef Vegagerðarinnar segir að „myndarlegir steinar“ hafi fallið á veginn og þá hafi þurft að fjarlægja með stórvirkum vinnuvélum. Sem betur fer var enginn á ferð þarna þegar grjóthrunið átti sér stað, segir í fréttinni.

Ketildalavegur liggur út í Selárdal og á leiðinni eru tveir bæir þar sem er búseta; Hvesta og Grænahlíð. Grjóthrunið varð við Svarthamra, ekki langt frá Bíldudal, áður en komið er í Hvestudal.

Grjóthrun er algengt á þessu svæði en sjaldgæft að svo stórir steinar hafni á veginum.



VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ KRAFTMIKLU FÓLKI TIL STARFA

Starfsmaður óskast í afgreiðslu

Pósturinn óskar eftir að ráða starfsmann í framtíðarstarf við afgreiðslu á pósthúsinu Ísafirði. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem á auðvelt með samskipti. Starfið felur í sér almenna afgreiðslu og frágang sendinga. Vinnutíminn er frá 08:30 - 16:45 og þarf viðkomandi að geta hafið störf í byrjun febrúar 2018.

Hæfniskröfur

- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð ritfærni og almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veitir Gabríela Aðalbjörnsdóttir í síma 825-1123 eða í netfanginu gabrielaa@postur.is

Umsóknarfrestur:
12. nóvember 2017

Umsóknir:
postur.is



NÁM MEÐ STARFI



D R E I F N Á M

Borgarholtsskóli býður upp á nám fyrir:

- Félagsliða
- Viðbótarnám félagsliða
- Leikskólaliða
- Viðbótarnám leikskólaliða
- Félags- og tómstundaliða
- Stuðningsfulltrúa í skólum

Umsóknarfrestur er til 1. desember.

**Upplýsingar um námið veitir Þórkatla Þórisdóttir
í síma 8561718 Netfang: thorkatla@bhs.is**



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Nám á netinu



Myndir Alexandar Pálmi Oddsson

		TRÉ	GLJÁUN	DRYKKJAR-ÍLÁT	SAMTÖK		KVK NAFN	GEÐ
	AFLÖGU							
	DREPA					SLÁ RÍKI Í ASÍU		
	SÍÐA				HÁTÍÐ ÁRÁS			
	HASTA ASI						TVEIR EINS	DRAMB
	↓	TÆPLEGA	FLOTT BARDAGI			NÚMER TÓNVERKS STJÖRNUÁR		
FUGL					PÓLL AGN			
FÁLMA					HLJÓMUR LISTA- MAÐUR			SÓT
TVEIR EINS			GÍPA KJAFT			VÍN	MJÖÐUR MJAKA	
ANGAN				LJÚKA DRYKKUR				
MULDUR					GANG- TEGUND BRAKA			ÞEKKJA
		LÆRLINGUR REIÐAR- SLAG				KÁSSA TREGÐA		
GÆFA				FRUMEIND ENDAST			KYEN- HJÖRTUR	SPYRJA
FRÁ			FJÚK BLEKKING				ÞESSI AÐ	
FÆÐA					ÁGENGUR			
DREPSÓTT					HUGUR			
SLÆMA					DUGA			

ENDURSKOÐUN

VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900

Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK

VEST

6

FIMMTUDAGUR 9. NÓVEMBER 2017

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR EYÞÓRS INGA

UM LAND ALLT

5. DESEMBER

ÍSAFJARÐARKIRKJA

SÉRSTAKIR GESTIR:

SUNNUKÓRINN

14. DESEMBER

PATREKSFJARÐARKIRKJA

SÉRSTAKIR GESTIR:

KIRKJUKÓR PATREKSFJARÐAR

MIÐASALA Á **midi.is**

MIÐAVERÐ 3000 KR.



Lausn á síðustu krossgátu

		ÁHRIFA- MATTUR	HLUTDEILD	ÞEFA		TVEIR EINS	HJÖR	TORMERKI
	KRYDD	V	A	N	I	L	L	A
	RÖST	I	Ð	A		REGLUR PÖLL	L	Ö
	KROT	R	I	S	S		Í RÖB SPYR	M
	ÍS	K	L	A	K	I	MÁLUR	Ú
	ELSKA							
	↓	HYGGST	MEIN	UND	SVARI	A	N	S
		SKÓLI			ÍÞRÓTTA- FÉLAG			
TIL- FINNINGA- SEMI	V	Æ	M	N	I	ELDUR	F	U
					ÆVIKVÖLD		N	I
LOFT- TEGUND	E	T	A	N		STRÍÐNI OFFUR	E	R
							T	I
RÖMVERSK TALA	I	L		A	F	L	A	
			FISKA		PANGAD TIL	GJALD- MIBILL	K	R
			ÞJAPPADI			SKARA		
ÍLÁT	F	A	T		ÆSTUR	Ó	L	M
			SEYTLAR				U	R
FISKUR	U	R	R	A	R	I	HEITI	N
							RÁÐGERA	A
	K	SKELFING	Ó	G	N	UNG- DÖMUR	Æ	S
		REIDAR- SLAG				FISKUR	K	A
STJÓRNA	R	Á	Ð	A		SNÆDDI	Á	T
					HERRA		RÖLT	A
FRÁ	A	F	KIND	R	O	L	L	A
			BORG				TVEIR EINS EFNI	N
MELI- EINING	B	A	R		HLJÓÐFERI	F	L	A
					Í RÖB		U	T
BÖLVA	B	L	Ó	T	A	FRENJA	S	K
							A	S
ANGAN	I	L	M	U	R	TULDRA	T	A
							U	T
							A	

Auglýsingasími bb.is
er **456 4560**

Útgáfudagar

23. nóvember
7. desember
21. desember



Sudoku þrautir

		1		7			2	
6	8		9		1			3
7	4			2	5		8	
			7	3			9	
							5	7
3	2					6	4	
	7	8	1	9				
9	6	3	2					8
2					4			

5				1	3		6	
	9			5				3
	1		8		9			
6				8		3	5	
			5			1		
4				2				
			1	9		5		
		9	7					
8	2						4	

HVAR SEM ER



PRÓTEINRÍKT – FITULAUST

#iseyskyr